

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Bergþórugata 18.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 25. ágúst 2021, breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts vegna lóðarinnar nr. 18 við Bergþórugötu. Í breytingunni felst að byggingarreitur er færður til vesturs ásamt því að bætt er við heimild í skilmála að útitröppur megi fara út fyrir byggingarreit. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Úlfarsárdalur – Urðarbrunnur 23-31.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 13. ágúst 2021, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 23-31 við Urðarbrunn. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt upp í þrjár lóðir, formi byggingarreits Urðarbrunnis 23-25 er breytt og hann færður. Auk þess er einu bílastæði bætt við á Urðarbrunn 23-25. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Grettisgata 53A.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 20. ágúst 2021, breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.2 vegna Grettisgötu 53A. Í breytingunni felst stækkun á vesturhlið hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Víðinesvegur 22.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 7. júlí 2021, breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir iðnaðarsvæði við Álfsnesvík vegna lóðarinnar nr. 22 við Víðinesveg. Í breytingunni felst að mesta hæð tækja, skýla og hauga á lóð verði 14 m í stað 12 m. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 2. september 2021.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 16. september 2021